

Greinargerð um gróðurfar á vegarstæði frá Ytri Hlíðarhvammi að Merkigróf í Selárdal

Guðrún Á. Jónsdóttir og Kristín Ágústsdóttir

Inngangur

Að beiðni Veiðifélags Selár var gróður skoðaður á fyrirhuguðu vegarstæði fyrir 1,7 km framlengingu vegar upp með Selá frá Arnarhól að Merkigróf. Greinargerð þessi byggir á vettvangsathugun 1999. Einnig var leitað í gagnasafni Náttúrufræðistofnunar Íslands að heimildum um skráningar á plöntum á þessu svæði.

Vettvangsathugun

Gróður á fyrirhuguðu vegarstæði var skoðaður 29. september 1999. Veður var kalt og snjófól nýtekið upp. Gróður var þó ekki mikið sölnaður og ágætlega gekk að greina helstu gróðurlendi og tegundir. Helstu gróðurlendi voru afmörkuð á korti og gróðurlendum lýst. Tegundir voru skráðar og lítið sérstaklega eftir hvort sjaldgæfar tegundir væri að finna. Emil Sigurjónsson frá Veiðifélagi Selár var með í för.

Lýsing gróðurs

Merkigróf - Hólslækur

Frá Merkigróf liggur vegarstæðið fyrst um mýrasund með hrossanál og fifu og móa með fjalldrapa, víði og lyngi. Síðan liggur vegarstæðið utan í melhól með móagróðri. Í móum eru áberandi tegundir fjalldrapi, grávíðir, bláberjalýng, stinnastör, krækilyng ásamt grösum og sefi. Ofan við melhólinn eru fjalldrapamóar og mýrasund með mýrastör og hrossanál í jaðri við melhólinn. Utan í melnum eru sums staðar bollar með blágresi og maríustakk. Á melhólnum er mosapembra blönduð með holtasóleyjar- og krækilyngsmóa. Við Hólslækinn er mói með dálitlu birki- og víðkjarri en grasmóar á milli. Þar er talsvert um gulvíði og reyrgresi.

Hólslækur - melhóll þar sem bílastæði er fyrirhugað

Utan við Hólslæk eru mýrablettir en inn á milli er mólendi. Mýrablettur er einnig innan við melinn þar sem bílastæðið er fyrirhugað (merkt P á korti). Í mýrablettum eru hálmgresi, elfting, hengistör og bláberjalýng áberandi tegundir. Einnig er tjarnarstör, klófifa og grávíðir hér og hvar. Í mounum er fjalldrapi, grávíðir og lyng áberandi. Í brekkunni innan við melana þar sem bílastæðið er fyrirhugað er ræma af snjóðæld með aðalbláberjalýngi. Melarnir eru grýttir með torfum af holtasóleyjarmóa hér og þar.

Melhóll þar sem bílastæði er fyrirhugað að núverandi vegi.

Utan við hólinn þar sem bílastæðið er fyrirhugað (P) er lækur. Næst læknum er grasmói síðan kjarr ofan við vegarstæðið en melur neðan við. Í grasmóum voru língresi, ilmreyr og snarrót áberandi. Í kjarrinu er víðir, og lágvaxið birki og á melnum er slitróttur móa- og mosagróður. Því næst tekur við mýri og lítið grónir hólar á milli. Við núverandi veg er lyngmói og svolítið birkikjarr. Í mýrinni eru tegundir eins og hengistör, mýrastör, bláberjalýng og grávíði áberandi en talsvert af

tjarnastör. Í múum eru bláberjalyng, krækilyng, fjalldrapi og fleiri tegundir og á melhólum er slitróttur mosabembu- eða móagróður.

Umræða

Gróðurlendi á þessu vegarstæði eru all fjölbreytt, kjarr, móar og mýrar. Vegurinn mun þó liggja að talsverðum hluta um lítið gróin holt og melhóla. Gróska er all mikil á þeim svæðum sem eru gróin og tegundafjölbreytni er töluverð. Gróðurþekja er yfirleitt samfelld í votlendi og víða í múum en mjög gisin á melum og hólum. Ekki fundust sérstæð gróðurlendi en mýrar og kjarr móar eru verðmæt gróðurlendi þar sem mýrum hefur farið fækkandi á síðustu áratungum og kjarr og skógar hafa takmarkaða útbreiðslu. Vel gróði land er einnig í sjálfu sér verðmætt.

Ekki fundust tegundir sem eru friðlýstar, á valista eða mjög sjaldgæfar við vettvangsathugun haustið 1999 (1. tafla). Engar eldri skráningar á tegundum eru til í gagnasafni Náttúrufræðistofnunar Íslands. Bjöllulilja fannst í jaðri mýrarinnar milli fyrirhugaðs bílastæðis og núverandi vegar. Bjöllulilja er fremur sjaldgæf tegund sem vex á afmörkuðum svæðum á Norður- og Austurlandi.

Heimildir

Hörður Kristinsson 1986. Plöntuhandbókin. Örn og Örlygur. Reykjavík. 304 bls.

1. Tafla. Tegundir háplantna fundnar milli Merkigrófar og núverandi vegar við Arnahól í Selárdal, í september 1999. Nafngiftir palntna skv. Herði Kristinssyni (1986).

Íslenskt nafn	Latneskt nafn
Aðalbláberjalyng	<i>Vaccinium myrtillus</i>
Axhæra	<i>Luzula spicata</i>
Beitieski	<i>Equisetum variegatum</i>
Beitilyng	<i>Calluna vulgaris</i>
Birki	<i>Betula pubescens</i>
Bjöllulilja	<i>Pyrola grandiflora</i>
Bláberjalyng	<i>Vaccinium uliginosum</i>
Blágresi	<i>Geranium sylvaticum</i>
Blásveifgras	<i>Poa glauca</i>
Blávingull	<i>Festuca vivipara</i>
Blóðberg	<i>Thymus praecox</i>
Brjóstagras	<i>Thalictrum alpinum</i>
Bugðupunktur	<i>Deschampsia flexuosa</i>
Engjarós	<i>Potentilla palustris</i>
Fjallafoxgras	<i>Phleum alpinum</i>
Fjallapunktur	<i>Deschampsia alpina</i>
Fjallasveifgras	<i>Poa alpina</i>
Fjalldrapi	<i>Betula nana</i>
Geldingahnappur	<i>Armeria maritima</i>
Grasvíðir	<i>Salix herbacea</i>
Grávíðir	<i>Salix callicarpea</i>
Gulvíðir	<i>Salix phylicifolia</i>
Hálingresi	<i>Agrostis capillaris</i>
Hálmgresi	<i>Calamagrostis stricta</i>
Hengistör	<i>Carex rariflora</i>
Hnappstör	<i>Carex capitata</i>
Holtasóley	<i>Dryas octopetala</i>
Hrafnastör	<i>Carex saxatilis</i>
Hrútaber	<i>Rubus saxatilis</i>
Hvítmaðra	<i>Galium normanii</i>
Ilmreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>
Klóelfting	<i>Equisetum arvense</i>
Klófífa	<i>Eriophorum angustifolium</i>
Klukkublóm	<i>Pyrola minor</i>
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>
Krækilyng	<i>Empetrum nigrum</i>
Lambagras	<i>Silene acaulis</i>
Ljónslappi	<i>Alchemilla alpina</i>
Ljósberi	<i>Lychnis alpina</i>
Lógresi	<i>Trisetum spicatum</i>
Mariustakkur	<i>Alchemilla vulgaris</i>
Mosajafni	<i>Selaginella selaginoides</i>
Móasef	<i>Juncus trifidus</i>
Móastör	<i>Carex rupestris</i>

Músareyra	<i>Cerastium alpinum</i>
Mýrasef	<i>Juncus alpinus</i>
Mýrastör	<i>Carex nigra</i>
Mýrelfting	<i>Equisetum palustre</i>
Reyrgresi	<i>Hierochloe odorata</i>
Sauðamergur	<i>Loiseleuria procumbens</i>
Skeggsandi	<i>Arenaria norvegica</i>
Skriðlíngresi	<i>Agrostis stolonifera</i>
Smjörgras	<i>Bartsia alpina</i>
Snarrótarpuntur	<i>Deschampsia caespitosa</i>
Stinnastör	<i>Carex bigelowii</i>
Sýkigras	<i>Tofieldia pusilla</i>
Tjarnastör	<i>Carex rostrata</i>
Túnfífill	<i>Taraxacum spp.</i>
Túnsúra	<i>Rumex acetosa</i>
Túnvingull	<i>Festuca rubra</i>
Undafífill	<i>Hieracium spp</i>
Vallarsveifgras	<i>Poa pratensis</i>
Vallhæra	<i>Luzula multiflora</i>
Vetrarkvíðastör	<i>Carex chordorrhiza</i>
Pursaskegg	<i>Kobresia myosuroides</i>
